

Mosey ehf.
Hrafnhólum 11
800 Selfoss

Reykjavík 9. október 2020
UST202009-222/H.I.I.
07.06.06

Niðurstöður eftirlits með Handsóttþreinsi frá Mosey

Umhverfisstofnun framkvæmdi eftirlit í kjölfar ábendingar sem barst stofnuninni þann 21. september sl. vegna vörunnar *Handsóttþreinsis* frá Mosey ehf. Eftirlitið leiddi í ljós að varan inniheldur virka efnið PHMB (1600;1.8) sem er ekki samþykkt til notkunar í sæfivörur til sóttþreinsunar á húð og uppfyllir því ekki skilyrði reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur sem innleiðir reglugerð (ESB) nr. 528/2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra.

Stofnunin brást við með því að stöðva markaðssetningu vörunnar tímabundið og fara fram á innköllun hennar og vísar í bréf stofnunarinnar dags. 25. september 2020 þess efnis. Tímabundin stöðvun markaðsetningar gildir ekki um vöruna í 50 ml umbúðum en merkingar hennar uppfylla ekki skilyrði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Varðandi umfang eftirlitsins, niðurstöður og frávik frá kröfum vísar stofnunin í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Mosey ehf. frest til 30. október 2020 til að senda stofnuninni afrit af merkimiða fyrir vöruna Handsóttþreinsi í 50 ml umbúðum sem eru uppfærðir skv. reglugerð nr. 415/2014. Jafnframt gerir stofnunin þær kröfur að birgðir fyrirtækisins verði endurmerktar með uppfærðum merkimiða.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málnúmerinu UST202009-222. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is

Umhverfisstofnun veitir Mosey ehf. hér með frest til 30. október 2020 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar þann 14. október nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess fyrir 13. október nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga og reglugerða settra á grundvelli þeirra.


Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, t.a.m. með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 30. gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um markaðssetningu sæfivara má finna á vefsetri Umhverfisstofnunar¹. Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, til að fá nánari upplýsingar í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið hafdisi@ust.is.

Virðingarfyllt,

Hafdis Inga Ingvarsdóttir
Hafdis Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur



Isak Sigurjón Bragason
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/>